

2013

Sjálfsmat í Salaskóla



Salaskóli

11/1/2013

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur	4
Um Salaskóla	4
Stefna Salaskóla.....	4
Matsáætlun 2010-2013.....	6
Markmið og tilgangur matsins.....	7
Aðferðir og framkvæmd matsins.....	8
Innra mat	8
Ytra mat.....	10
Umbótaáætlun 2010	11
Líðan nemenda	11
Líðan starfsmanna	11
Kennslan	11
eineltisáætlun Salaskóla	11
Stjórnun	11
Þjónusta.....	12
Kynjamunur	12
Unglingar og frímínútur	12
Samskipti skóla við heimili.....	12
Umbótaáætlun 2010	13
Niðurstöður 2010-2013.....	16
Líðan nemenda	16
Kennslan	17
Samræmd próf og framfarastuðlar	17
Niðurstöður skimunarprófa í læsi 2012-2013	17
PISA.....	18
Viðhorf nemenda til náms og kennslu.....	18
Viðhorf foreldra til náms og kennslu.....	18
Þjónusta.....	19
Dægradvöl	19
Mötuneyti.....	19

Kynjamunur	19
Dægradvöl	19
Lestur í 2. bekk.....	19
Val í 9. og 10. bekk.....	19
Kynjamunur í samræmdum prófum í 10. bekk	20
Karlar - konur	20
Umbótaáætlun 2013-2016.....	21
Matsáætlun 2013-2016.....	23

INNGANGUR

Þessi skýrsla lýsir sjálfsmatskerfi Salaskóla og helstu niðurstöðum í sjálfsmati skólans árin 2010 - 2013. Matið var unnið af sjálfsmatshópi skólans úr ýmsum upplýsingum sem safnast hafa undanfarin ár. Gögnin hafa verið greind og niðurstöður um starf skólans voru bornar saman við stefnu skólans og áhersluatriði í skólustefnu Kópavogsbæjar. Sjálfsmatshópurinn hefur unnið eftir matsáætlun sem gildir til þriggja ára og er endurskoðuð árlega. Aðgerðaáætlun er samin út frá niðurstöðunum. Í þessari skýrslu er farið yfir umbótaáætlun frá 2009 og greint frá hvernig unnið er úr henni. Niðurstöður tiltekinna þátta í sjálfsmati fyrir 2010-2013 eru birtar og í lokin er sett fram umbótaáætlun og matsáætlun næstu þriggja ára.

UM SALASKÓLA

Salaskóli tók til starfa í sumarlok 2001. Skólaárið 2012 - 2013 voru nemendur um 490 í 1.-10. bekk. Skólinn býr við afbragðsgóða aðstöðu. Við hlið skólans er íþróttamiðstöðin Versalir og þar eru íþróttasalir og sundlaugar sem skólinn hefur afnot af. Umhverfi skólans er fjölbreytt og gefur mikla möguleika til fjölbreyttrar kennslu. Skammt frá skólanum er ákjósanleg útivistarsvæði. Fremur stutt er í bæði Elliðavatn og Vífilsstaðavatn. Í næsta nágrenni skólans er kirkjugarður og golfvöllur. Skólalóðin er hönnuð m.a. með tilliti til útikennslu.

STEFNA SALASKÓLA

Salaskóli er framsækinn skóli. Í stefnumótun og starfi er stuðst við reynslu og rannsóknir, innlendar og erlendar. Nemendur og hagsmunir þeirra eru ávallt í fyrsta sæti. Allt starfið miðast við að gera nemendur að góðum og nýtum þegnum þessa lands, óhræddum við að glíma við öll þau nýju verkefni sem þeim munu mæta á lífsleiðinni. Helstu áhersluatriði eru:

ÁHERSLA Á EINSTAKLINGINN

Við leggjum áherslu á sterkar hliðar hvers einstaklings og að sérhver nemandi fái að njóta sín sem einstaklingur og í hóp.

UMHVERFISMÁLIN

Skólinn er „grænn skóli“ og hefur hlotið viðurkenningu Landverndar sem slíkur. Nemendur, foreldrar og starfsfólk hafa gert með sér umhverfissáttmála. Við flokkum rusl, spörum orku og notum ekki einnota drykkjarumbúðir.

STRÁKAR OG STELPUR

Við leggjum áherslu á að bæði strákar og stelpur fái að njóta sín. Við viljum skapa strákum og stelpum aðstæður þar sem ólíkar þarfir þeirra fái notið sín. Stelpurnar hafa þörf fyrir að láta meira til sín taka, verða hugrakkari, taka meira rými og verða líkamlega virkari. Strákarnir þurfa að læra að virða mörk og reglur og sýna umhyggju.

HEILBRIGÐI, HREYFING OG HOLLUSTA

Við temjum okkur heilbrigði og holla lífshætti. Markviss áhersla er lögð á útivist og fjölbreytt íþróttastarf.

SIÐFRÆÐI OG GÓÐ FRAMKOMA

Við leggjum áherslu á þau gildi sem sérhver manneskja í siðmenntuðu samfélagi verður að rækta með sér og að nemendur temji sér góða framkomu og góð vinnubrögð.

HEIMILI OG SKÓLI

Við leggjum mikið upp úr góðu sambandi og samstarfi við foreldra. Upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar og foreldrar fá tækifæri til að hafa áhrif á mótun skólastarfsins.

Eins og sést á þessu er sérstök áhersla lögð á einstaklingsmiðað nám og þar með fjölbreytta kennsluhætti, umhverfismál, hollustu, góða framkomu, jafnréttismál og gott samstarf heimila og skóla. Skólastarfið hefur tekið mið af þessum áherslum, s.s. með skipulagðri aldursblöndun, fjölbreytni í kennsluháttum, áherslu á list- og verkgreinar, þátttöku í Grænfánaverkefnum og þróunar- og samstarfsverkefnum af ýmsu tagi.

MATSÁÆTLUN 2010-2013

	2010 – 2011	2011 - 2012	2012 - 2013
Ágúst		Endurskoðun skólanámskrár Endurskoðun matsáætlunar	Endurskoðun skólanámskrár Endurskoðun matsáætlunar
September	Samræmd próf í 4., 7 og 10. bekk	Samræmd próf í 4., 7 og 10. bekk Skólapúlsinn	Samræmd próf í 4., 7 og 10. bekk Skólapúlsinn
Október	Foreldrakaffi Samræmd próf í 4., 7 og 10. bekk	Foreldrakaffi Samræmd próf í 4., 7 og 10. bekk	Foreldrakaffi Niðurstöður samr prófa greindar Kaffihúsafundur kennara – aðalnámskrá
Nóvember	Foreldrakaffi Hugarflugsfundur kennara Niðurstöður samr prófa greindar	Foreldrakaffi Hugarflugsfundur kennara Skólapúlsinn Niðurstöður samr prófa greindar	Foreldrakaffi Skólapúlsinn Kaffihúsafundur kennara - læsi
Desember	Könnun á einelti (Olweus) Próf	Könnun á einelti (Olweus) Unnin skýrsla um viðhorf foreldra upp úr foreldrakaffi Próf	Könnun á einelti (Olweus) Unnin skýrsla um viðhorf foreldra upp úr foreldrakaffi Próf
Janúar	Matsfundur kennara um kennslu í list- og verkgreinum	Skólapúlsinn Mat á þróunarverkefnum	Skólapúlsinn Kaffihúsafundur kennara - sköpun
Febrúar		Skólapúlsinn	
Mars	Starfsmannaviðtöl	Starfsmannaviðtöl Skólapúlsinn	Starfsmannaviðtöl Skólapúlsinn - foreldrar
Apríl	Almenn viðhorfakönnun meðal foreldra Unnin skýrsla um viðhorf foreldra upp úr foreldrakaffi og viðhorfakönnun Samræmd próf í 10. bekk	Almenn viðhorfakönnun meðal foreldra Tekin saman skýrsla um viðhorf foreldra Skólapúlsinn	Tekin saman skýrsla um viðhorf foreldra Skólapúlsinn
Mái	Mat á starfsmannahandbók Próf	Samræmd könnunarpróf í 10. bekk Mat á starfsmannahandbók Próf	Próf
Júní	Endurskoðun skólanámskrár Matsskýrsla unnin	Mat á skólanámskrá Mat á þróunarverkefnum Matsskýrsla unnin	Mat á skólanámskrá Mat á þróunarverkefnum Matsskýrsla unnin

MARKMIÐ OG TILGANGUR MATSINS

SJÁLFSMATSÆÐFERÐ SKÓLANS

Í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 eru ákvæði um sjálfsmat skóla. Skólum er frjálst samkvæmt lögum að velja sjálfsmatsaðferðir við að meta innra starf sitt. Sjálfsmat skóla þarf að byggja á kerfisbundnum aðferðum sem skólinn gerir opinberar og skjalfestir. Sjálfsmat er innra mat skólans. Lagðar eru fyrir spurningar um einstaka þætti skólastarfsins, leitað er gagna og niðurstaða fundinn. Á grundvelli þeirra niðurstaðna eru forgangsverkefni ákveðin. Aðgerðaráætlun er gerð og unnið er eftir henni. Verkið er síðan metið aftur. Sjálfsmat sem leiðir í ljós sterkar og veikar hliðar á skólastarfinu er þess vegna órjúfanlegur liður í hringferli þróunar.

Sjálfsmatsaðferð Salaskóla hefur þróast hægt og rólega. Ýmsar leiðir eru farnar í upplýsingaöflun, bæði eigindlegar og megindelegar. Skólinn er þátttakandi í Skólapúlsinum sem hefur kannað viðhorf nemenda um árabíl og nú í ár einnig viðhorf foreldra. Áður kannaði skólinn sjálfur viðhorf foreldra með netkönnun. Þá bjóða stjórnendur foreldrum barna í hverjum bekk í morgunkaffi og er það siður sem hefur verið við lýði um langt árabíl í skólanum. Mæting á þá fundi er afar góð og þar er leitað eftir skriflegu mati foreldra á því sem vel gengur, því sem betur má fara og hvað þeir vilja sjá í skólastarfinu. Kennarar hafa aftur á móti tekið þátt í kaffihúsafundum þar sem ákveðin mál eru tekin fyrir. Jafnframt þessu hafa verið lagðar fyrir starfsfólkl, nemendur og foreldra spurningalistakannanir á vefnum og var byrjað á því hausti 2007. Forritið SurveyMonkey er notað í þeim tilgangi og hefur það reynst vel í þessum tilgangi og mjög fljótlegt að vinna úr niðurstöðum. Þá er skólinn þátttakandi í Skólapúlsinum frá hausti 2008.

VIÐMIÐ OG MATSSPURNINGAR

Viðmið við matið eru sótt í Aðalnámsskrá grunnskóla, Skólastefnu Kópavogsbæjar, Skólanámsskrá Salaskóla og Starfsáætlun Salaskóla og Jafnréttisáætlun Salaskóla.

Matsspurningar sem hafa verið undirliggjandi í matinu skólaárin 2010- 2013 eru:

- Hver eru viðhorf foreldra til skólastarfsins?
- Hvernig líður nemendum í skólanum?
- Hversu mikið einelti er í skólanum og hvernig er tekið á því?
- Hver eru viðhorf nemenda og foreldra til mótuneytisins?
- Hver eru viðhorf unglunga til aðstöðu í kennsluhléum?
- Hvernig er þjónusta dægradvalar?
- Hver eru viðhorf nemenda og foreldra til náms og kennslu í skólanum?
- Hvernig er námsárangur nemenda í Salaskóla eins og hann kemur fram í samræmdum könnunarprófum í samanburði við aðra skóla og hvernig eru framfarir?
- Kemur fram kynjamunur í námsvali og námsárangri nemenda?

AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD MATSINS

Hér er lýst helstu aðferðum skólans við mat á skólastarfinu.

INNRA MAT

MORGUNKAFFI

Á hverju hausti er foreldrum í hverri bekkjardeild boðið í morgunkaffi með skólastjórnendum. Þar fylla þeir út matsblöð þar sem þeir skrifa hvað þeim finnst gott í skólastarfinu og hvað má bæta.

KAFFIHÚSAFUNDIR

Á hverjum vetri er haldinn kaffihúsafundur með kennurum. Þá er borðum raðað eins og á kaffihúsi og við hvert borð fara fram umræður um ákveðið efni. Menn færa sig svo eftir ákveðnum reglum á milli borða. Niðurstöðum úr umræðum er haldið til haga. Vorið 2011 var haldið svokallað heimskaffi með foreldrum í Salaskóla. Þátttaka var ekki mikil en gagnlegar ábendingar koma fram í niðurstöðum.

KANNANIR OG SPURNINGALISTAR

Salaskóli hefur frá upphafi aflað upplýsinga um ýmsa þætti skólastarfsins með því að leggja fyrir spurningalista og kannanir. Upplýsingarnar eru nýttar til að fara yfir stöðu mála á þeim tíma sem spurningarnar eru lagðar fyrir út frá niðurstöðum er hægt að taka ákvarðanir um breytingar eða ef þarf að bæta.

Á hverju vori er lögð fyrir foreldra almenn viðhorfakönnun þar sem viðhorf foreldra til ýmissa þátta skólastarfsins eru kannaðir. Kannanir eru gerðar á netinu með könnunartækinu Surveymonkey. Vorið 2012 varð sú breyting á að Skólapúlsinn fór að kanna viðhorf foreldra. Þannig fæst samanburður við aðra skóla. Þá er leitað eftir viðhorfum nemenda í gegnum Skólapúlsinn.

SKÓLAPÚLSINN

Salaskóli gerðist þátttakandi í Skólapúlsinum haustið 2008. Úrtak nemenda svarar þar könnun mánaðarlega og í lok vetrar hafa allir nemendur í 6. – 10. bekk svarað könnuninni. Skólapúlsinn kannar einnig viðhorf foreldra annað hvert ár og áætlað er að kanna viðhorf starfsmanna einnig annað hvert ár. Skólapúlsinn er því orðinn eitt helsta verkfæri okkar í viðhorfakönnunum. Skólapúlsinn gefur færi á að bera skólann saman við aðra skóla.

EINELTISKÖNNUN

Salaskóli hefur verið þátttakandi Olweusaráætluninni gegn einelti frá 2002. Árlega er lögð fyrir nemendur í 4. – 10. bekk könnun á einelti. Brögð hafa verið á því að nemendur hafi svarað út í hött og amk tvívegis hefur það valdið verulegum skekkjum.

MAT Á SKÓLANÁMSKRÁ

Í lok skólaársins eiga kennarar Salaskóla að leggja mat á skólanámskrá skólans áður en hún er uppfærð fyrir næsta skólaár. Skólaráð skólans fær síðan skólanámskrána til umsagnar.

ÝMISKONAR GÖGN

Rýnt er í ýmiskonar gögn og skoðað s.s. hvort kynjamunur komi fram í vali nemenda, frammistöðu í samræmdum prófum, launagreiðslum til kennara, þátttöku foreldra í fundum o.fl.

TOVE KROGH TEIKNIVERKEFNI

Tove Krogh er athugunarverkefni er lagt fyrir alla nemendur í 1. bekk að hausti og vori ár hvert. Prófið gefur upplýsingar um getu barns til að hlusta, muna fyrirmæli og fara eftir þeim. Ennfremur kannar það hugtakaskilning að vissu marki og talnahugtök upp að fimm. Einnig gefur verkefnið upplýsingar um einbeitingarhæfileika og úthald, hreyfifærni handa, svo og sjálfstraust og öryggi við þær aðstæður sem það er lagt fyrir. Allt eru þetta undirstöðuatriði alls náms og ekki síst lestrarnáms.

LÆSI – LESTRARHÆFNIPRÓF

Læsi er lestrarskimunarpróf sem lagt er fyrir alla nemendur í 1. og 2. bekk. Þessi próf gefa vísbendingar um vissa þætti sem tengjast erfiðleikum í lestrarnámi. Niðurstöður gefa kennurum tilefni til að velta fyrir sér hvað þörf sé á að skoða nánar og hvað sé hægt að gera til að örva lestur hjá nemendum heima.

LH60 OG LH40 LESTRARHÆFNIPRÓF

Lestrarhæfniprófin LH60 og LH40 eru lögð fyrir nemendur í 3. og 5. bekk eftir þörfum. Það metur lesskilning nemenda.

GRP-14 GREINANDI RITMÁLSPRÓF

GRP-14 greinandi ritmálspróf fyrir 14 ára nemendur er hóppróf og einstaklingspróf. Hópprófið er lagt fyrir alla nemendur í lok 8. bekkjar. Einstaklingsprófið er lagt fyrir eftir þörfum. Prófið kannar hvort nemendur séu með lestrarörðugleika.

TALNALKILL

Talnalykill er skimunarpróf í stærðfræði sem er lagt fyrir alla nemendur í 3. og 6. bekk. Talnalykill er einnig einstaklingspróf sem lagt er fyrir nemendur eftir þörfum til að greina stærðfræðierfiðleika.

LOGOS. GREINING Á DYSLEXÍU OG ÖÐRUM LESTRARERFIÐLEIKUM.

LOGOS er tölvutækt greiningarpróf sem er grundvallað á nýlegum rannsóknum á lestrarfærni. Það hefur að geyma tvo prófaflokka: Fyrri flokkurinn er ætlaður nemendum í 3.-5. bekk og sá síðari 6.-10. bekk og fullorðnum. LOGOS er lagt fyrir eftir þörfum.

STARFSMANNAVIÐTÖL

Skólastjórnendur taka viðtöl við alla starfsmenn. Niðurstöður starfsmannasamtala eru trúnaðargögn. Engu að síður geta upplýsingar sem þar koma fram nýst við mat á starfinu sem fram fer en eru auk þess einstaklingsmiðað mat að hluta til.

YTRA MAT

SAMRÆMD PRÓF

Nemendur í 4., 7. og 10. bekk þreyta árlega samræmd könnunarpróf. Násmatsstofnun vinnur úr prófunum og sendir skólanum niðurstöður og yfirlit yfir stöðu hans í samanburði við aðra skóla. Auk þess sendir stofnunin framfarayfirlit sem sýnir hvaða framförum nemendur hafa tekið á milli prófanna.

FÆRNI OG ÞEKING NEMENDA VIÐ LOK GRUNNSKÓLA

PISA rannsóknirnar 2009 og 2012 voru lagðar fyrir 15 ára nemendur. Niðurstöður sýna þekkingu nemenda í náttúrufræði, stærðfræði og lesskilningi. Niðurstöður rannsóknarinnar 2009 og 2012 liggja fyrir.

BYRJENDALÆSI

Þeir árgangar sem eru þátttakendur í byrjendalæsi taka þrjú skimunarpróf yfir skólaárið. Þetta hófst skólaárið 2012-2013 og þá tóku 1. og 2. bekkur þátt í þessu.

HEILSA OG LÍFSKJÖR SKÓLANEMA

Rannsóknin Heilsa og lífskjör skólanema er íslenskur hluti alþjóðlegrar rannsóknar sem unnir er að tilstuðlan Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) og nefnist Health Behavior in School-aged children (HBSC). Upplýsingum er safnað á fjögurra ára fresti. Gildi rannsóknarinnar hér á landi er umtalsvert því auk þess að efla þekkingu á stöðu unglunga í alþjóðlegum samanburði veitir rannsóknin mikilvæga innsýn í aðstæður í einstökum skólum og sveitarfélögum. Spurningar eru lagðar fyrir nemendur í 6., 8. og 10. bekk. Könnun var gerð skólaárið 2009-2010 og niðurstöður fyrir einstaka skóla voru birtar í september 2013.

UMBÓTAÁÆTLUN 2010

Í kjölfar matsskýrslu 2009 var gerð umbótaáætlun fyrir næstu ár. Megninu af því sem þar er tíundað er lokið. Hér er stutt yfirlit yfir þá þætti og hvernig unnið hefur verið að þeim.

LÍÐAN NEMENDA

Í áætlun um umbætur er kveðið á um að efla lífsleiknikennslu og forvarnarstarf gegn einelti í yngri bekkjum, efla jákvæð samskipti með uppbyggingarstefnunni og að búa til vinahópa á yngri stigum. Unnið hefur verið í öllum þessum þáttum. Kennarar hafa kynnt sér uppbyggingastefnuna en þeir eru misjafnlega á veg komnir með að tileinka sér hana. Lífsleiknitímar í bekkjum hafa verið undir formerkjum bekkjarfunda en það hefur ekki þótt gefa nógu góða raun og nú heita þeir lífleikni á stundaskrá og þar eru bekkjarfundir teknir eftir því sem við á. Eineltisstefna skólans hefur verið rækilega kynnt foreldrum á morgunfundum skólastjórnenda. Foreldrar hafa í einhverjum bekkjum unnið að því að koma á vinahópum.

LÍÐAN STARFSMANNA

Í áætlun um umbætur er sagt að styrkja þurfi og hlúa að samstarfsteypum og stuðla að því að allir starfsmenn tileyri slíkri einingu. Samstarfsteypmi kennara eru mjög virk og sterkar einingar. Sömu sögu er að segja að starfsmönnum eldhúss og dægradvalar. Hins vegar hefur gengið hægar að styrkja samstarfsteypmi annarra starfsmanna.

KENNSLAN

Í áætlun um umbætur er talað um að skoða þurfi námskröfur á miðstigi. Það hefur verið gert og segja má að kennslu á miðstigi hafi verið umbylt og styrkt á allan hátt. Einnig er talað um að skoða hversu heppileg mælitæki samræmd próf eru miðað við hugmyndafræði einstaklingsmiðaðs náms. Það hefur ekki verið gert enda e.t.v. óraunhæft að skólinn fari út í slíka vinnu. Þá er talað um að viðhalda fjölbreyttum kennsluháttum og að kennarar kynni á kennarafundum hvað þeir eru að gera. Þetta hefur verið gert en e.t.v. ekki í nógu miklum mæli. Þá er talað um að ræða mikilvægi heimavinnu á hverju stigi. Það hefur verið gert og sett sérstök heimanámsstefna á hverju stig sem birt er í starfsáætlun. Rætt er um að vinna að innleiðingu uppbyggingarstefnunnar og megum við enn herða okkur þar. Ekki hefur orðið jafnmikið úr því og stefnt var að vegna þess að við helltum okkur í stór þróunarverkefni í móðurmálkennslu en það var einmitt þáttur sem við vildum bæta og auka samfellu.

EINELTISÁÆTLUN SALASKÓLA

Hvað varðar eineltisáætlun þá gerðum við stóratæk þar. Við gerðum hana sýnilegri í skólanum og á heimasíðunni, kynntum hana vel fyrir foreldrum og gerðum hana vel virka í skólanum.

STJÓRNUN

Talað er um að koma upplýsingum betur á framfæri við starfsmenn og höfum við tekið okkur vel á því. Einnig hafa starfsmenn verið virkjaðir meira í stefnumótun t.d. með kaffihúsafundum sem svo er unnið úr. Þá er

kveðið á um í umbótaáætlun að skýra þurfi betur hlutverk starfsmanna annarra en kennara og taka upp reglubundna fundi með þeim. Þetta hefur verið gert, þ.e. hlutverk eru skýrari en fundir mættu vera tíðari.

ÞJÓNUSTA

Í umbótaáætlun eru nokkur atriði varðandi dægradvöl sem öll hafa verið uppfyllt og gott betur. Starfsmönnum hefur verið fjölgað í útivist eins og rætt er um og einnig hafa 10. bekkingar tekið að sér gæslu þar. Þá er talað um að athuga hvort hægt sé að bjóða eldri nemendur upp á ávexti á morgnana. Það hefur verið gert og niðurstaðan var sú að bæta 5. bekk inn í ávaxtatilboðið.

KYNJAMUNUR

Í umbótaáætlun er kveðið á um að skoða vel niðurstöður samræmdra prófa og kanna hvort drengir séu almennt lægri eða hvort um einstök tilfelli sé að ræða og skýri kynjamun. Þetta hefur verið gert í hvert skipti.

UNGLINGAR OG FRÍMÍNÚTUR

Í umbótaáætlun er talað um að fá Fönix í samstarf með frímínútur. Það hefur verið gert og er félagsmiðstöðin nú opin í frímínútum og í hádegi. Rætt er um að fjölga ruslafötum og hefur það verið gert. Skoðað var hvort hægt væri að lengja matartímann og var niðurstaðan sú að hafa hann óbreyttan. Þá var reynsla af sjoppurekstri á vorönn 2009 metin og ákveðið að standa ekki í slíku.

SAMSKIPTI SKÓLA VIÐ HEIMILI

Í umbótaáætlun er áætlað að allir umsjónarkennarar noti mentor til vikulegrar upplýsingagjafar við foreldra. Áhersla hefur verið lögð á þetta og langflestir kennarar gera þetta með miklum sóma.

UMBÓTAÁÆTLUN 2010

Matspáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um umbætur	Hvenær endurmetið	Ábyrgur
Líðan nemenda	<ul style="list-style-type: none"> Líðan nemenda er svipuð og líðan nemenda almennt í grunnskólum á Íslandi Einelti er meira í yngri bekkjum en á unglingastigi Hærra hlutfall nemenda í 3. – 4. bekk segist líka illa í skólanum en í unglingadeild 	<ul style="list-style-type: none"> Efla lífsleiknikennslu og forvarnarstarf gegn einelti í yngri bekkjum Efla jákvæð samskipti nemenda með uppbyggingarstefnunni Búa til vinahópa á yngri stigum 	Apríl 2010	Eineltishópur Stýrihópur uppbygg. stefnu Umsjónark.
Líðan starfsmanna	<ul style="list-style-type: none"> Starfsmönnum virðist líða vel í vinnunni Enn meiri ánægja með starfið innan starfsteymisins Ánægja með samskipti við stjórnendur 	<ul style="list-style-type: none"> Styrkja þarf og hlúa að samstarfsteypum og stuðla að því að allir starfsmenn tilheyri slíkri einingu 	Apríl 2010	Stjórnunarteymi
Kennslan	<ul style="list-style-type: none"> Minni framfarir á miðstigi í samræmdum prófum en á unglingastigi Foreldrar lýsa ánægju með kennsluna og fjölbreytni í kennsluháttum er þeim að skapi Kennara lýsa ánægju með sérkennslu og list- og verkgreinakennslu Foreldrar telja heimavinnu hæfilega Í skólapúlsinum koma fram vísbendingar um að mikilvægi heimavinnu sé minna í Salaskóla en öðrum skólum Nemendur í Salaskóla hafa mun meiri trú á getu sinni en nemendur á Íslandi í stærðfræði, íslensku og náttúrufræði. Nemendum finnst skorta hrós frá kennurum 	<ul style="list-style-type: none"> Skoða námskröfur á miðstigi Skoða hversu heppileg mælitæki samræmd próf eru miðað við hugmyndafræði einstaklingsmiðaðs náms Viðhalda fjölbreyttum kennsluháttum og þróa þá enn frekar með því að kennarar í skólanum kynni hvað þeir eru að gera fyrir hinum á kennarafundum Ræða þarf mikilvægi heimavinnu á hverju stigi Vinna að innleiðingu uppbyggingarstefnunnar Skoða móðurmálskennslu í skólanum og vinna að samfelli í henna á milli árganga 	<p>Október 2010</p> <p>Febrúar 2010</p> <p>Febrúar 2010</p> <p>Apríl 2010</p> <p>Mái 2010</p> <p>Mars 2010</p>	<p>Skólastjóri + umsjónarkennarar</p> <p>Skólastjóri</p> <p>Kennarateymi</p> <p>Stýrihópur uppbygg. stefnu</p> <p>Skólastjóri</p>

Eineltisáætlun Salaskóla	<ul style="list-style-type: none"> • Kennurum finnst eineltisáætlun skólans ekki nægilega sýnileg og ekki nógu vel nýtt • 40% kennara finnst erfitt að halda bekkjarfundi • Ekki voru bekkjarfundir vikulega í öllum bekkjum 	<ul style="list-style-type: none"> • Skerpa á áætluninni. Setja plaköt sem víðast og hafa hana sýnilega á heimsíðu skólans • Aðstoða og þjálfka kennara í að halda bekkjarfundi. • Bekkjarfundir á stundatöflu hvers bekkjar • Kynna eineltishópinn vel fyrir öllu starfsfólki • Kynna vel fyrir starfsfólki hvert á að koma upplýsingum um einelti 	<p>Janúar 2010</p> <p>Apríl 2010</p> <p>Desember 2009</p> <p>Desember 2009</p> <p>Desember 2009</p>	<p>Eineltishópur</p> <p>Eineltishópur</p> <p>Skólastjóri</p> <p>Skólastjóri</p> <p>Skólastjóri</p>
Stjórnun	<ul style="list-style-type: none"> • Starfsmenn eru almennt ánægðir með stjórnun skólans • Jákvæð viðhorf til stjórnunar frá foreldrum • Helsta gagnrýni á upplýsingagjöf og til hvers er ætlast í starfi 	<ul style="list-style-type: none"> • Nota töfluna á kaffistofunni til að koma upplýsingum á framfæri • Leggja áherslu á góðan anda og virka þátttöku starfsmanna í stefnumótun • Skýra þarf betur hlutverk starfsmanna annarra en kennara og taka upp reglubundna fundi með þeim 	<p>Apríl 2010</p> <p>Apríl 2010</p> <p>Nóvember 2009</p>	<p>Stjórnendatými</p> <p>Stjórnendatými</p> <p>Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og húsvörður</p>
Viðhorf foreldra til skólans	<ul style="list-style-type: none"> • 89% foreldra eru ánægðir með skólann 			
Þjónusta	<ul style="list-style-type: none"> • Ánægja er með dægradvölinu en þó er skipulag og utanumhald gagnrýnt • Ekki nægileg gæsla í útivist í dægradvöl • Foreldrar eru flestir sáttir við matseðilinn í mötuneytinu • Ánægja með að boðið sé upp á ávexti í morgunnestinu 	<ul style="list-style-type: none"> • Setja upp dagskrá fyrir vikuna í dægradvöl • Bæta skráningu og setja upp kerfi sem auðveldar starfsmönnum að fylgjast með hvar nemendur eru • Fjölga starfsmönnum í útivist með nemendum • Athuga hvort hægt sé að bjóða eldri nemendum upp á ávexti á morgnana 	<p>Apríl 2010</p> <p>Janúar 2010</p> <p>September 2009</p> <p>Janúar 2010</p>	<p>Umsjónarm. dægradvalar</p> <p>Umsjónarm. ddv.</p> <p>Skólastjóri</p> <p>Skólastjóri</p>

Kynjamunur	<ul style="list-style-type: none"> Hærra hlutfall stúlkna en drengja í 1. – 3. bekk er í dægradvölinni Kynjamunur kemur fram í lestrarkunnáttu í 2. og 4. bekk, strákum í óhag Verulegur kynjamunur kemur vali nemenda á unglingsstigi Kynjamunur kemur fram í samræmdum prófum í 10. bekk í íslensku 	<ul style="list-style-type: none"> Skoða niðurstöður samræmdra prófa vandlega og kanna hvort drengir séu almennt lægri eða hvort um einstök tilfelli sé að ræða 	Desember 2009	Skólastjóri
Unglingar og frímínútur	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur vilja lengja matartímann um 10 mín Þeir vilja geta keypt sér brauðmeti og drykki Þeir vilja aðgang að kósýherbergi félagsmiðstöðvar í frímínútum Þeir vilja fleiri ruslafötur 	<ul style="list-style-type: none"> Fá Fönix í samstarf með frímínútur Fjölga ruslafötum og athuga með að hafa einhverjar veggfastar Skoða kosti og galla þess að lengja matartímann Meta reynslu að sjoppurekstri á vorönn 2009 	Búið Janúar 2010 Mars 2010 Nóvember 2009	Skólastjóri Stjórnendur + húsvörður Stjórnendur Skólastjóri
Samskipti skóla við heimili	<ul style="list-style-type: none"> 90% foreldra eru ánægð með samstarf skólans við heimilin Foreldrar lýsa ánægju yfir að fá vikulega upplýsingar frá umsjónarkennara Foreldrar eru ánægðir með hvernig gengur að ná sambandi við kennara 	<ul style="list-style-type: none"> Allir umsjónarkennarar noti mentor til vikulegrar upplýsingagjafar við foreldra 	Apríl 2010	Skólastjórnendur

NIÐURSTÖÐUR 2010-2013

Niðurstöðum er skipt í nokkra kafla sem taka á ákveðnum þáttum í starfsemi skólans. Þeir eru líðan, kennsla, þjónusta auk þess sem tíundaðir eru aðrir þættir sem ábendingar hafa komið fram um að megi bæta í skólastarfinu.

- Hvernig líður nemendum í skólanum?
- Hversu mikið einelti er í skólanum og hvernig er tekið á því?
- Hvernig er námsárangur nemenda í Salaskóla eins og hann kemur fram í samræmdum könnunarprófum í samanburði við aðra skóla og hvernig eru framfarir?
- Hver eru viðhorf nemenda og foreldra til náms og kennslu í skólanum?
- Hver eru viðhorf nemenda og foreldra til mötuneytisins?
- Hvernig er þjónusta dægradvalar?
- Kemur fram kynjamunur í námsvali og námsárangri nemenda?
- Hversu mikill kynjamunur er í starfsmannahópnum?

LÍÐAN NEMENDA

Í Skólapúlsinum eru viðhorf nemenda í 6. – 10. bekk til náms og líðan könnuð og þar fær Salaskóli samanburð við aðra skóla á landinu. Þar kemur fram að líðan nemenda í Salaskóla er lítið betri en líðan nemenda almennt á Íslandi. Í rannsókninni Heilsa og lífskjör skólanema (2009-2010) kemur fram að lífsánægja nemenda í Salaskóla er meiri en líðan nemenda almennt í skólum á landinu. Í samanburðarkönnunum hefur komið fram að nemendum á Íslandi líður mun betur en jafnöldrum þeirra í öðrum löndum. Þegar foreldrar voru spurðir um líðan barna sinna í Salaskóla í könnun Skólapúlsins vorið 2013 var hlutfall foreldra sem tjáðu góða líðan 96% og landmeðaltalið var 94%. 97% foreldra í Salaskóla telja að börnum sínum líði vel í kennslustundum og er það þremur prósentustigum hærra hlutfall en í skólum almennt.

Þegar nemendur eru spurðir um einelti í Skólapúlsinum kemur fram öll árin að færri nemendur í Salaskóla telja sig verða fyrir einelti en nemendur almennt í samanburðarskólum. Hlutfall stúlkna sem verður fyrir einelti er meira en drengja. Í viðhorfakönnun meðal foreldra sem gerð var vorið 2010 segja 19% foreldra að barn þeirra hafi orðið fyrir einelti á skólaárinu og 2011 segja 17% foreldra svo vera. Vorið 2013 kannaði Skólapúlsinn viðhorf foreldra og þá voru 9% sem sögðu barn sitt hafa orðið fyrir einelti á undangengnu skólaári sem er það sama og almennt í skólum sem Skólapúlsinn kannar viðhorf til. Í rannsókninni Heilsa og lífskjör skólanema (2009-2010) kemur fram að hlutfall þeirra nemenda sem telja sig aldrei verða fyrir einelti er það sama og á landinu almennt. Hærra hlutfalla foreldra í Salaskóla lýsir óánægju með hvernig tekið er á eineltismálum í skólanum en hlutfall foreldra í öðrum skólum. Þannig segja 25% foreldra að mjög illa sé tekið á málum en meðaltal í öllum skólum er 14%. Hins vegar vekur athygli að í sömu könnun kemur fram að meðaltímabil eineltis er mun styttra í Salaskóla en í skólum almennt eða 1,2 ár en meðaltal almennt er 1,6 ár.

ALMENNT UM LIÐAN NEMENDA

Líðan nemenda í Salaskóla virðist lítið eitt betri en líðan nemenda almennt á Íslandi og einelti minna. Þegar horft er til kynjamunar er tíðni eineltis heldur minna hjá strákum en stelpum. Þess ber að geta að nemendur í 6. – 10. bekk eru spurðir í Skólapúlsinum og því vantar viðhorf þeirra sem yngri eru. Það getur skýrt hvers vegna hlutfall foreldra sem telja börn sín verða fyrir einelti er hærra en hlutfall nemenda sem telja sig verða fyrir einelti.

KENNSLAN

Til að meta kennsluna eru skoðaðir framfarastuðlar á milli 4. og 7. bekkjar og 7. og 10. bekkjar í samræmdum prófum frá 2010 – 2012. Niðurstöður skimunarprófa í læsi sem lögð eru fyrir skóla sem taka þátt í byrjendalæsi eru einnig notaðar en þær gilda fyrir skólaárið 2012-2013. Viðhorf nemenda eru skoðuð með Skólapúlsinum. Einnig er lítið á viðhorf foreldra.

SAMRÆMD PRÓF OG FRAMFARASTUÐLAR

Meðaltal normaldreifðra einkunna í Salaskóla í íslensku 2005 til 2012			
Ár	4. bekkur	7. bekkur	10. bekkur
2005	28,8	27,8	Var ekki 10. bekkur
2006	28,8	28,5	32,4
2007	31,5	28,5	29,2
2008	27,81	30,40	31,10
2009	28,3	30,9	32
2010	30,15	30,83	31,82
2011	26,55	27,72	30,57
2012	27,6	31,9	33,72
Meðaltal	28,68	29,51	31,54

Meðaltal normaldreifðra einkunna í Salaskóla í stærðfræði 2005 til 2012			
Ár	4. bekkur	7. bekkur	10. bekkur
2005	29,7	27,8	
2006	31,2	28,6	30
2007	30,3	29,2	30
2008	28,5	28,7	32,8
2009	26,4	32,4	33,9
2010	32,12	31,51	31,8
2011	28,26	24,41	31,82
2012	24,9	35,31	35
Meðaltal	28,92	29,74	32,18

NIÐURSTÖÐUR SKIMUNARPRÓFA Í LÆSI 2012-2013

Hlutfall nemenda sem náði yfir 60% árangri

	Nóvember		Febrúar		Apríl	
	Salaskóli	Aðrir	Salaskóli	Aðrir	Salaskóli	Aðrir
1. bekkur	56%	68%	75%	83%	63%	72%
2. bekkur	68%	65%	65%	62%	84%	74%

Skv. þessu eru nemendur í Salaskóla lægri í 1. bekk en meðaltal í byrjendalæsissskólum en hærri í 2. bekk. Þar sem aðeins er átt ár undir hér er erfitt að alhæfa yfir á kennsluna almennt, því það getur verið að um tilfallandi árgangamun sé að ræða.

PISA

Árið 2012 var PISA könnunin lögð fyrir nemendur. Í lesskilningi er meðaltal skólans 517 en meðaltal Íslands er 483, í læsi í náttúrufræði er meðaltal Salaskóla 522 en Íslandsmeðaltalið er 478 og í stærðfræði er meðaltal skólans 529 en meðaltal Íslands er 493. Sem sagt allsstaðar vel yfir landsmeðaltali. Þá er Salaskóli einnig nokkuð yfir meðaltali skóla í Kópavogi.

VIÐHORF NEMENDA TIL NÁMS OG KENNSLU

Í Skólapúlsinum kemur fram að nemendur í Salaskóla hafa mun meiri trú á getu sinni en nemendur almennt á landinu í stærðfræði, íslensku, íþróttum og náttúrufræði. Í öðrum greinum eru þeir svipaðir landsmeðaltali en það er helst í listgreinum sem þeir hafa minni trú á sér en nemendur almennt á landinu. Þeir telja sig jafnframt hafa meiri stjórn á eigin árangri í námi en jafnaldrar þeirra almennt á Íslandi. Samband nemenda við kennara, stuðningur kennara við nemendum, agi í tímum og virkni nemenda er meiri í Salaskóla en almennt í skólum. Í þessum atriðum er um jákvæða breytingu frá því sem var þrjú árin á undan, en þá var Salaskóla á svipuðu róli og skólar almennt. Í Skólapúlsinum kemur fram að mikilvægi heimavinnu í námi er svipað í Salaskóla en almennt á landinu. Hér er einnig um jákvæða þróun að ræða frá því sem var þrjú árin á undan.

Í rannsókninni Heilsa og lífskjör skólanema (2009-2010) eru nemendur spurðir hvernig þeim líkar skólinn og er hlutfall þeirra sem líkar mjög vel við skólann ívið herra í Salaskóla en á landinu almennt og örlítið herra en meðaltalið er í Kópavogi.

VIÐHORF FORELDRA TIL NÁMS OG KENNSLU

Í foreldrakönnun Skólapúlsins 2013 kemur fram að foreldrar í Salaskóla eru marktækt óánægðari með nám og kennslu en foreldrar almennt í öðrum skólum. Fleiri foreldrar í Salaskóla telja einnig að agi í skólanum sé of lítill en foreldrar í öðrum skólum almennt. 25% foreldra í Salaskóla telja skólann leggja of litla áherslu á námsmat með hefðbundnum prófum miðað við 7% foreldra í öðrum skólum almennt. Þá kemur einnig fram í þessari könnun að hlutfall foreldra sem telja skólann leggja mikla áherslu á námsárangur er lægra en almennt gerist. Sama kemur fram þegar spurt er um hvort skólinn standi sig vel í að mennta nemendur. Hins vegar hlutfall svipað og almennt í skólum þegar spurt er um hvort námslegum þörfum sé mætt, hvort þeir séu ánægðir með kennsluaðferðir og heldur meiri jákvæðni kemur fram þegar spurt er um hvort námið í skólanum efli félagsþroska nemenda. Foreldrar barna sem njóta sérkennslu eru ánægðir með sérkennsluna. 95% lýsa ánægju í Salaskóla en 89% á landinu almennt. Væntingar foreldra um menntunarstig barna sinna er mun herra en í skólum almennt og eru þær væntingar með því hæsta á landinu.

ALMENNT UM KENNSLU

Í samræmdum prófum er meðaltal áranna 2005-2012 að jafnaði undir landsmeðaltali í 4. og 7. bekk í íslensku og stærðfræði en hins vegar yfir landsmeðaltali í 10. bekk. Meðaltal í 10. bekk í Salaskóla er alltaf á eða yfir

landsmeðaltali í báðum greinum að einu ári undanskildu í íslensku. Þá sést einnig góður stígandi í framförum hvers árgangs frá 4. – 10. bekk.

Nemendur í Salaskóla hafa mun meiri trú á getu sinni en nemendur á Íslandi í flestum námsgreinum og einnig virðist virkni þeirra í kennslustundum vera almennt meiri en gengur og gerist. Þá er samband kennara við nemendur og stuðningur kennara við nemendur einnig meiri en almennt gerist. Agi í kennslustundum er einnig meiri að mati nemenda en almennt gerist. Viðhorf foreldra í foreldrakönnun 2013 stangast nokkuð á við það sem kemur fram í nemendakönnunum og viðhorf þeirra hvað námið varðar neikvæðari en nemenda og neikvæðari en foreldra almennt á Íslandi. Foreldrar lýsa þó mikilli ánægju með sérkennslu. Þess ber að geta að aðeins er stuðst við eina könnun meðal foreldra þar sem ekki hefur áður verið lögð fyrir þá könnun sem gefur kost á samanburði við aðra skóla.

ÞJÓNUSTA

DÆGRADVÖL

Foreldrar í Salaskóla eru ánægðari með dægradvölinu en gengur og gerist. Á morgunfundum kemur fram mikil ánægja með dægradvölinu, foreldrar telja starfið fjölbreytt og skemmtilegt og hrósa starfsfólkinu.

MÖTUNEYTI

Foreldrar eru almennt óánægðari með máltíðirnar í mötuneytinu en almennt í skólum á Íslandi. Þannig lýsa 71% þeirra ánægju í könnun 2013 en landsmeðaltalið er 75%. Óvíska er notkun á mötuneyti jafnmikil og í Salaskóla en 94% nemenda borða í mötuneytinu. Landsmeðaltalið er 87%. Í opnum svörum nemenda í Skólapúlsinum kemur gjarnan fram að nemendum finnst að bæta mætti matinn. Þar kemur reyndar einnig fram ánægja með matinn en miklu fleiri telja þó að hann mætti bæta.

KYNJAMUNUR

DÆGRADVÖL

Nánast sama hlutfall stúlkna og drengja í 1. – 4. bekk var í vistun í dægradvöl skólaárið 2012 – 2013 sbr. töfluna:

	Strákar	Stelpur
1. bekkur	88% af strákum í árg.	93% af stelpum í árg.
2. bekkur	70% af strákum í árg.	74% af stelpum í árg.
3. bekkur	38% af strákum í árg.	40% af stelpum í árg.
4. bekkur	8% af strákum í árg.	0% af stelpum í árg.
Samtals	52% af strákum í 1. – 4. b	51% af stelpum í 1. – 4. b

LESTUR Í 2. BEKK

VAL Í 9. OG 10. BEKK

Verulegur kynjamunur kemur fram í vali nemenda í 8. - 10. bekk skólaárið 2012-2013. Munurinn er svo mikill að í raun má tala um strákagreinir og stelpugreinir sbr. töflu:

Strákagreinar	Stelpugreinar
Eldað í dagsins önn (24 strákar – 12 stelpur)	Heimilisfræði (10 stelpur – 5 strákar)
Íþróttir (33 strákar – 11 stelpur)	Myndlist (26 stelpur – 7 strákar)
Rokkskólinn (8 strákar – 2 stelpur)	Heimspeki (6 stelpur – 3 strákar)
Smíði (19 strákar – 12 stelpur)	Klár í slaginn, námstækni (6 stelpur – 0 strákar)
	Textíl (27 stelpur – 0 strákar)
	Viltu læra betur (43 stelpur – 24 strákar)
	Yndislestur (5 stelpur – 0 strákar)
	Nestisgerð (7 stelpur – 0 strákur)

Jafnvægi er aftur á móti í brauð og pasta, fingrasetningu og kvikmyndagerð.

KYNJAMUNUR Í SAMRÆMDUM PRÓFUM Í 10. BEKK

Íslenska

	2010	2011	2012	2013
Stelpur	37,5	31,3	34,6	37,55
Strákar	26,53	29,94	32,6	28,2

Stærðfræði

	2010	2011	2012	2013
Stelpur	35,4	32,23	35,26	30,7
Strákar	28,8	31,5	34,6	25,9

Kynjamunur er í öllum tilfellum stelpum í hag.

KARLAR - KONUR

Kynjahlutfall í starfsmannahópnum hefur er þannig að 20% starfsmanna eru karlar og hefur það haldist svipað í nokkur ár. Þeir sem starfa við kennslu og stjórnun eru alls 46 og eru 8 þeirra karlar eða 17%

ALMENNT UM KYNJAMUN

Kynjamunur kemur fram í námi strákum í óhag bæði á yngsta stigi og á unglíngastigi. Þá kemur fram mjög skýrt kynbundið námsval hjá unglíngum. Í starfsmannahópnum hallar verulega á karlpeninginn.

UMBÓTAÁÆTLUN 2013-2016

Matsþáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um umbætur	Hvenær endurmetið	Ábyrgur
Líðan nemenda	<ul style="list-style-type: none"> Líðan nemenda er lítið eitt betri en líðan nemenda almennt í grunnskólum á Íslandi og er það byggt bæði á mati nemenda og foreldra. Hlutfall nemenda sem telja sig verða fyrir einelti er lægra í Salaskóla en almennt í skólum. Foreldrar í Salaskóla eru óánægðari með hvernig tekið er á eineltismálum en í skólum almennt. Meðaltímabil eineltis er mun lægra í Salaskóla en í skólum almennt. 	<ul style="list-style-type: none"> Kynna eineltisstefnu Salaskóla fyrir foreldrum á hverju hausti. Kynna niðurstöður skólapúlsins fyrir nemendum og foreldrum 2-3 á hverju skólaári og skapa umræðu um líðan nemenda. Hvetja foreldra til að búa til vinalista á yngri stigum Vinna áfram að innleiðingu uppbyggingarstefnunnar m.a. með því að nokkrir kennarar taki þátt í námskeið í USA vorið 2014 	Apríl 2015	<p>Eineltishópur</p> <p>Stýrihópur uppbyggður</p> <p>Skólastjórnendur</p> <p>Umsjónark.</p>
Kennslan	<ul style="list-style-type: none"> Einkunnir á samræmdum prófum stíga verulega frá 4. – 10. bekkjar. Samband nemenda og kennara og stuðningur kennara við nemendur er betri í Salaskóla en almennt. Agi í tímum mælist meiri í Salaskóla en í skólum almennt. Að vísu telja foreldra það vera öfugt. Virgni nemenda í tímum í Salaskóla mælist meiri en í skólum almennt. Foreldrar lýsa mikilli ánægju með sérkennslu í skólanum. Foreldrar telja heimavinnu 	<ul style="list-style-type: none"> Skoða námskröfur á yngsta stigi Viðhalda fjölbreyttum kennsluháttum og þróa þá enn frekar með því að kennarar í skólanum kynni hvað þeir eru að gera fyrir hinum á kennarafundum Rýna í list- og verkgreinar og leitast við að auka trú nemenda á sér í þeim greinum 	<p>Febrúar 2014</p> <p>Febrúar 2014</p>	<p>Skólastjóri + umsjónarkennarar</p> <p>Skólastjóri og list- og verkgreinakennarar</p>

	<p>hæfilega</p> <ul style="list-style-type: none"> Nemendur í Salaskóla hafa mun meiri trú á getu sinni en nemendur á Íslandi í stærðfræði, íslensku, íþróttum og náttúrufræði. Nemendur í Salaskóla hafa minni trú á sér í list- og verkgreinum en nemendur almennt á Íslandi 			
Þjónusta	<ul style="list-style-type: none"> Mikil ánægja er með dægradvölinu og meiri en gengur og gerist. Óvíða er notkun á mötuneyti jafnmikil og í Salaskóla Lægra hlutfall foreldra lýsir ánægju með máltíðir í mötuneyti en almennt í skólu. Nemendur gagnrýna mötuneytið og finnst mega bæta matinn. 	<ul style="list-style-type: none"> Skoða vandlega mötuneytið, hvernig matur er framreiddur. Athuga hvort betur sé hægt að koma til móts við vilja nemenda hvað framboð matar varðar innan þess fjárhagsramma sem settur er 	Nóvember 2013	Skólastjóri, deildarstjóri og kokkur
Kynjamunur	<ul style="list-style-type: none"> Lítið eitt hærra hlutfall stúlkna en drengja í 1. – 3. bekk er í dægradvölinni Kynjamunur kemur fram í lestrarkunnáttu í yngstu bekkjum, strákum í óhag Verulegur kynjamunur kemur vali nemenda á unglíngastigi Kynjamunur kemur fram í samræmdum prófum í 10. bekk í íslensku Val nemenda í unglíngadeild mjög kynbundið 	<ul style="list-style-type: none"> Rýna í valgreinar og leitast við að fá stráka til að fara í greinar sem hafa verið mest sóttar af stelpum og öfugt. Hvetja stráka jafnt sem stelpur til að lesa meira. 	Nóvember 2014	Skólastjóri og kennarar í valgreinum Umsjónarkennarar

MATSÁÆTLUN 2013-2016

	2013-2014	2014-2015	2015-2016
Ágúst	Endurskoðun skólanámskrár Endurskoðun matsáætlunar	Endurskoðun skólanámskrár Endurskoðun matsáætlunar	Endurskoðun skólanámskrár Endurskoðun matsáætlunar
September	Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk	Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk	Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk
Október	Skólapúlsinn Endurskoðun á þemavinnu í unglingadeild	Foreldrakaffi Skólapúlsinn	Foreldrakaffi Skólapúlsinn
Nóvember	Foreldrakaffi Endurskoðun á þemavinnu í unglingadeild Hugarflugsfundur kennara Niðurstöður samræmdra prófa greindar Meta valgreinar m.t.t. kynjamunar Skoða mötuneyti Skólapúlsfundur með nemendum	Foreldrakaffi Hugarflugsfundur kennara Niðurstöður samræmdra prófa greindar Skólapúlsfundur með nemendum	Foreldrakaffi Hugarflugsfundur kennara Niðurstöður samræmdra prófa greindar Skólapúlsfundur með nemendum
Desember	Foreldrakaffi Próf	Unnin skýrsla um viðhorf foreldra upp úr foreldrakaffi Próf	Unnin skýrsla um viðhorf foreldra upp úr foreldrakaffi Próf
Janúar	Skólapúlsinn Foreldrakaffi Mat á þróunarverkefni í upplýsingatækni	Skólapúlsinn Áfangamat á þróunarverkefnum	Skólapúlsinn Áfangamat á þróunarverkefnum
Febrúar	Hugarflugsfundur kennara Unnin skýrsla um viðhorf foreldra upp úr foreldrakaffi	Hugarflugsfundur kennara Skólapúlsfundur með nemendum	Hugarflugsfundur kennara Skólapúlsfundur með nemendum

	<p>Skoða list- og verkgreinar</p> <p>Skoða námskröfur á yngsta stigi</p> <p>Skólapúlsfundur með nemendum</p>		
Mars	<p>Starfsmannaviðtöl</p> <p>Starfsmannakönnun</p>	<p>Starfsmannaviðtöl</p> <p>Starfsmannakönnun</p>	<p>Starfsmannaviðtöl</p> <p>Starfsmannakönnun</p>
Apríl	<p>Almenn viðhorfakönnun meðal starfsmanna</p> <p>Unnin skýrsla um viðhorf foreldra upp úr foreldrakaffi og viðhorfakönnun</p> <p>Skólapúlsinn</p>	<p>Almenn viðhorfakönnun meðal foreldra</p> <p>Unnin skýrsla um viðhorf foreldra upp úr foreldrakaffi og viðhorfakönnun</p> <p>Skólapúlsinn</p> <p>Leggja mat á eineltisáætlun</p>	<p>Almenn viðhorfakönnun meðal foreldra</p> <p>Unnin skýrsla um viðhorf foreldra upp úr foreldrakaffi og viðhorfakönnun</p> <p>Skólapúlsinn</p> <p>Leggja mat á eineltisáætlun</p>
Maí	<p>Mat á starfsmannahandbók</p> <p>Skólapúlsfundur með nemendum</p> <p>Próf</p>	<p>Mat á starfsmannahandbók</p> <p>Próf</p> <p>Skólapúlsfundur með nemendum</p>	<p>Mat á starfsmannahandbók</p> <p>Próf</p> <p>Skólapúlsfundur með nemendum</p>
Júní	<p>Endurskoðun skólanámskrár</p> <p>Mat á þróunarverkefnum í móðurmáli</p> <p>Matsskýrsla unnin</p>	<p>Endurskoðun skólanámskrár</p> <p>Mat á þróunarverkefnum</p> <p>Matsskýrsla unnin</p>	<p>Endurskoðun skólanámskrár</p> <p>Mat á þróunarverkefnum</p> <p>Matsskýrsla unnin</p>